

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)

[Smelltu hér til að skoða þetta fréttabréf í vafra](#)

Fréttabréf

Janúarútgáfa

41. árg 1. tbl.
Janúar 2026



Aðalfundur 2026

Stjórn FÍN hefur ákveðið að aðalfundur félagsins verði haldinn þann 26. mars næstkomandi, klukkan 17:00 í Borgartúni 27. Félagsfólk er hvatt til þess að taka frá þennan tíma og mæta á aðalfund og taka þátt í innra starfi og í stjórnarkjöri. Hægt er að tilkynna framboð til stjórnar hér að neðan.



*Brúarárfoss í vetrarbúningi, mynd úr ljósmyndakeppni FÍN.
Ljósmyndari: Íris Reynisdóttir.*

Framboðsfrestur til embætta og trúnaðarstarfa

Félagsfólk sem vill gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður um á komandi aðalfundi FÍN skal tilkynna stjórn félagsins um framboð sitt fyrir 1. febrúar næstkomandi. Upplýsingar um hver sitja í embættum eða trúnaðarstörfum á vegum FÍN er að finna á [vef félagsins](#).

Kosið verður í helming stjórnarsæta auk formanns.

Eftirfarandi stjórnarmenn hafa þegar tilkynnt að þeir hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu:

Anna Berg Samúelsdóttir - *Matís*, Benóný Jónsson - *Hafrannsóknarstofnun*, Guðrún Nína Petersen - *Veðurstofan*, Sigvaldi Thordarson - *ÍSÖR*, Sindri Birgisson - *Mosfellsbær*, Stefán Már Stefánsson - *Hafrannsóknarstofnun*, Svava S. Steinarsdóttir - *Reykjavíkurborg*.

Í kjöri til formanns: Þorkell Heiðarsson, formaður FÍN.

Þá verður einnig kosið í Kjaradeilusjóð og Siðanefnd og er hægt að bjóða sig fram í eftirfarandi trúnaðarstöður:

Kjaradeilusjóður FÍN: Aðalmaður, eitt sæti, til tveggja ára.

Siðanefnd FÍN: Aðalmenn, þrjú sæti og eitt sæti varamanns, til tveggja ára.

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)[Þrýkna þannig](#)

Lagabreytingatillögur

Tillögur félagsfólks um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn FÍN fyrir 1. febrúar næstkomandi en lagabreytingatillögur má senda á netfangið fin@fin.is.

Félagsfólk er hvatt til að kynna sér [lög félagsins](#), [reglur Kjaradeilusjóðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#).

Senda inn
lagabreytingatillögur

Pistill formanns



Pistill formanns að þessu sinni verður í styttri kantinum, enda nóg af öðru efni í bréfinu.

Fyrirverandi formaður Maríanna H. Helgadóttir var kvödd í janúar og vil ég sérstaklega þakka henni fyrir hennar störf í þágu félagsfólks FÍN í nær tvo áratugi. Í öðrum fréttum er það helst að FÍN ásamt stéttarfélaginu Visku munu senda út stutta könnun vikunni til félagsfólks síns

Í því sambandi verður að líta til þess að námslánabyrði dregur oft bæði úr ráðstöfunartekjum til leigu sem og möguleikum á raunhæfu greiðslumati ef kaup eru annars vegar. Ég hvet ykkur öll til þess að taka þátt í þessari nauðsynlegu þarfagreiningu.

FÍN er félag sem frá upphafi til enda er háð því að félagsfólk hafi áhuga á starfi þess og sjái hag sínum betur borgið innan

Subscribe

Past Issues

Translate ▼

Þar er meðal annars spurt um hvort áhugi kunni að vera fyrir hendi á stofnun óhagnaðardrífins leigufélags fyrir félagsfólk. Félögin hafa fundið fyrir því á undanförnum misserum að félagsfólk sem kemur úr háskólanámi hefur einfaldlega ekki fjárhagslega burði til þess að leigja eða eignast húsnæði.

vettvangi félagsins og eðlileg endurnýjun eigi sér stað innan þess. Ég hvet því öll sem áhuga hafa á starfi félagsins að gefa sig fram við stjórn eins og farið er yfir hér á síðum blaðsins.

Að lokum óska ég öllu félagsfólki farsældar á nýju ári!

Fréttir

Marianna kvödd

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi hefur Marianna H. Helgadóttir látið af störfum sem formaður og framkvæmdastjóri FÍN. Marianna kom fyrst til starfa sem framkvæmdastjóri árið 2006 og tók við formennsku 2016.

Hún á því að baki tæplega 20 ára feril hjá FÍN og það var vel við hæfi að kveðja hana með virktum sem við gerðum nú í byrjun janúar. Það var margt um manninn í kveðjuhófinu, gamalt og nýtt samstarfsfólk kom við í Borgartúninu til að kveðja Mariönnu á þessum tímamótum og óskum við henni velfarnaðar í hverju því sem hún mun taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)

Fyrrum og núverandi formenn FÍN fjölmenntu í kveðjuhófið ásamt stjórnarfólki.



Maríanna og strákarnir í Borgartúni 27

Frá því að nýr vefur FÍN fór í loftið í nóvember höfum við unnið hörðum höndum að því að auka við þá þjónustu sem félagið veitir rafrænt.

Lengi hefur verið hægt að senda inn fyrirspurnir í gegnum vefinn en nú útvíkkum við þá þjónustu með spjallmenni FÍN.

Spjallmennið byggir þekkingu sína eingöngu á upplýsingum af vef FÍN og ætti því að svara nokkurn veginn á sama hátt og starfsfólk félagsins.

Spjallmennið er enn í þróun og þjálfun og hvetjum við félagsfólk til að bauna spurningum á það til að bæta svörun þess og slípa til þekkingargrunninn.



FÍN og Næringarfræðafélag Íslands í samstarf

Á dögunum var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu FÍN og Næringarfræðafélag Íslands og bætist félagið þar með í góðan hóp fagfélaga sem FÍN hefur undanfarið innsiglað formlegt samstarf við.

Samstarfið fór fjörlega af stað en eftir undirritun fóru vinnubúðir Næringarfræðafélags fram hér í Borgartúninu þar sem góður hópur næringarfræðinga mætti og stillti saman strengi fyrir árið 2026 og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.

Það voru þeir Þorkell Heiðarsson, formaður FÍN, og Guðmundur Gaukur Vigfússon, formaður Næringarfræðafélags Íslands, sem skrifuðu undir yfirlýsinguna fyrir hönd félaganna og innsigluðu með handabandi.



Tilkynningar

Námskeið fyrir félagsfólk Starfsþróunarseturs BHM

Starfsþróunarsetur BHM og Endurmenntun HÍ hafa endurnýjað samning sinn þar sem félagsfólki Starfsþróunarseturs býðst að sækja valin námskeið hjá Endurmenntun HÍ.

Samningurinn verður nú með breyttu sniði en nú gefst hverjum einstaklingi færi á að sækja eitt námskeið sér að kostnaðarlausu. Námskeiðin sem um er að ræða eru sérstaklega valin þannig að sem flest geti nýtt sér þau til að efla sig í starfi.

Félagsfólk getur skráð sig á eitt námskeið sem kemur ekki til frádráttar á styrkuppþæð einstaklinga. Kjósi einstaklingar að skrá sig á fleiri en eitt námskeið eru þau sem fyrr styrkhæf hjá Starfsþróunarsetrinu.

Upplýsingar um afsláttarkóða sem nota skal við skráningu má finna á Mínum síðum sem eru aðgengilegar í gegnum hnappinn hér að neðan.

Launahækkanir 2026

Í samræmi við þá kjarasaminga sem FÍN gerði í lok árs 2024 og í byrjun árs 2025 taka eftirfarandi launahækkanir gildi á árinu:

- Hækkanir á almennum markaði (samningur við Samtök atvinnulífsins): 1. janúar: **3,5%** en þó að lágmarki kr. **23.750**
- Ríki: 1. apríl: **3,5%** eða **23.750** kr.*
- Sveitarfélög: 1. apríl: **23.750** kr. eða að lágmarki um **3,5%** sbr. launatöflu 23.
- Reykjavíkurborg: 1. apríl, **3,5%** eða **23.750** kr.

Hækkanir á almennum markaði hafa þegar tekið gildi og ættu að koma til greiðslu við komandi mánaðarmót. Við hvetjum félagsfólk til að fylgjast með hvort að umsamdar hækkanir sem framundan eru komi ekki örugglega til greiðslu á réttum tíma.

**Talan verður væntanlega endurskoðuð vegna launatöfluauka*

Hagnýtar upplýsingar

Starfsmenn á skrifstofu

Þorkell Heiðarsson,
formaður.

Orri Þrastarson,
framkvæmdastjóri.

Runólfur Vigfússon,
lögfræðingur.

Siggeir F. Ævarsson,
sérfræðingur.

Sími: 595-5175
Netfang: fin@fin.is
Veffang: www.fin.is

Óskir þú eftir viðtali eða fundi þá vinsamlegast sendu okkur tölvupóst og við finnum hentugan fundartíma með þér.

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)

Ævarsson, ábyrgðarmaður er Þorkell Heiðarsson. Abendingar og athugasemdir má senda á fin@fin.is

Fréttabréfið er uppsett fyrir lestur á tölvuskjá. Við biðjumst fyrirfram velvirðingar á því ef efni raðast undarlega upp fyrir þá sem lesa það í síma.



[Skoða í vafra](#)

Copyright (C) 2026 FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga. Allur réttur áskilinn.
FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga Borgartún 27 Reykjavík 105 Iceland

Þú færð þennan póst þar sem þú ert félagi í FÍN og á póstlista félagsins.

Viltu breyta þinni skráningu á þessum póstlista?
Þú getur [breytt stillingum](#) eða [afskráð þig af póstlistanum](#)